

4. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2011, haldinn 25. maí, kl. 13.00, í Flúðaskóla.

9. fundur kjörtímabilsins vegna Flúðaskóla.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Ingvar Hjálmarsson, Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði. Fulltrúi kennara mætti ekki vegna ferðalags með barnahóp.

Dagskrá.

1. Skýrsla skólastjóra.
2. Samstarfsverkefni MATÍS og Flúðaskóla, „Hollusta og hagræðing“.
3. Skólastefna - stefnumótun.
4. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skólastarf hefur farið vel fram síðan á síðasta fundi og allt gengið eftir sem tíundað var þá.

Útikennsludagar voru skemmtilegir þrátt fyrir nokkurn kulda. Nemendur voru í aldursblönduðum hópum og fengu að reyna sig á fjölbreyttum verkefnum. Krakkarnir voru almennt mun áhugasamari í þessari vinnu en oft áður.

Sú nýbreytni að vera með sundmót var vel til fundin. Þetta var þó ekki hefðbundið sundmót heldur meiri áhersla lögð á skemmtanagildi en beina keppni. Nemendur höfðu gaman af því og það því komið til að vera.

Filip Jan Jozefic tók þátt í Landsmóti í skólaskák 2011 á Akureyri, einn fulltrúa Flúðaskóla.

Öskufallið hefur aðeins sett strik í reikninginn hjá okkur og hætt var við að láta yngsta stigið ganga yfir Miðfell. Á morgun ætluðum við með alla nemendur skólans upp á Högnastaðaás en hætt hefur verið við það. Ekki er hægt að fara í útplöntun vegna ástandsins.

Verkefnið „Hollusta og hagræðing“, sem er sérliður á dagskrá fundarins, er komið af stað. Lögð hefur verið rafræn viðhorfakönnun fyrir nemendur og starfsfólk. Tveir menn á vegum Matís komu í heimsókn í mötuneytið, þar sem þeir fylgdust með og ræddu við matráð.

Skipulag næsta skólaárs er komið á fullt skrið og litur bara vel út. Auglýsa þarf eftir ræstitækni í 80% starf.

2. Samstarfsverkefni MATÍS og Flúðaskóla, „Hollusta og hagræðing“.

Skólastjóri fór yfir tilurð og efnisþætti verkefnisins „Hollusta og hagræðing“ sem er samstarfsverkefni MATÍS og Flúðaskóla. Í verkefninu er leitast við að skoða rekstur mötuneytisins út frá öllum hliðum og gera tillögur um útbætur, reynist þess þörf. Verkefnið er þegar hafið og gert er ráð fyrir að niðurstöður liggja fyrir snemma í haust. Verkefnið er skólanum að kostnaðarlausu.

3. Skólafestna - stefnumótun.

Skólafestjóri skýrði frá því hvernig vinnan við mótun skólafestna í Bláskógabyggð gekk fyrir sig. Þar var utanaðkomandi fyrirtæki, Capacent, sem leiddi vinnuna. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Bláskógabyggðar. Samþykkt að leita eftir tilboði hjá fyrirtækjum á þessu sviði þar sem leikskóli, grunnskóli og æskulýðsmál verða skoðuð og tilboðið miðist við sameiginlega stefnumótunarvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00